

Umhverfisstofnun
Áb. 31 AB6 GSA
08 okt. 2014
8.12.1
Tilv. UST20140300084

LANDSSAMBAND VEIÐIFÉLAGA

Bændahöllinni v/Hagatorg • 107 Reykjavík
Sími 563 0300 • www.angling.is • angling@angling.is



Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
105 Reykjavík

Reykjavík 6. október 2014

Útgáfa starfsleyfa til sjókvíaeldis.

Landssambandi veiðifélaga hafa borist tillögur að starfsleyfi til sjókvíaeldis á regnbogasilungi sem áætlað er að ala í sjókvíum í Önundarfirði, ÍS 47 ehf. og Ísafjarðardjúpi, Dýrfiskur ehf.

Af þessu tilefni vill landssambandið benda á að nú í vor samþykkti Alþingi veigamiklar breytingar á lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Þessar breytingar lúta einkum að sjókvíaeldi og upptöku strangra reglna um þá starfsemi. Í fyrstu grein laganna er nú kveðið á um að eldisbúnaður og framkvæmd í sjókvíaeldi skal standast ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó. Í álit meirihluta atvinnuveganefndar Alþingis er nánar gerð grein fyrir hvernig þessu markmiði skuli náð. Með ströngustu stöðlum er átt við norska staðalinn NS 9415.

Ljóst er að fyrirliggjandi tillögur að starfsleyfi til sjókvíaeldis eru í engu samræmi við ströng fyrirmæli sem finna má í norska staðlinum NS 9415. Af því leiðir að starfsleyfistillögurnar uppfylla engan vegin þau skilyrði sem löggin kveða nú á um að mæta skuli við útgáfu.

Landssamband veiðifélaga telur því fráleitt að út verði gefin frekari starfsleyfi til sjókvíaeldis fyrr en meginefni hins norska staðalsins NS 9415 liggur fyrir í gildandi reglugerð og leggst því eindregið gegn þeim áformum að framangreindar tillögur eins og þeim er háttað og nú eru til kynningar geti orðið grundvöllur að útgáfu starsleyfa.

Virðingarfyllst

f.h. Landssambands veiðifélaga

Óðinn Sigþórsson